

Mánudaginn 3. dez. 1934.

Nr. 133/1934. **Friðrik Þorsteinsson**

gegn

Jóni Helgasyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Friðrik Þorsteinsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hann og stefnda, er hefir mætt í málinu, 15 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. dez. 1934.

Nr. 94/1934. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Gunnari Ingimundarsyni

(Eggert Claessen).

Sýknun.

Dómur lögregluréttar Árnassýslu 23. marz 1934: Kærður, Gunnar Ingimundarson, sæti missi ökuskirteinis í 4 mánuði. Svo greiði hann sakarkostnað, þar á meðal 20 kr. til talsmanns í héraði, Sigurðar Heiðdal.

Hið idæmda að greiða innan 14 daga frá lögbirtingu dómsins og honum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í framsætinu í bifreið kærða, þar sem einn farþega hans sat við hlið hans á leiðinni frá Stokkseyri og upp í Landréttir 21. sept. f. á., fannst flaska með

slatta í af heimabrugguðu áfengi. Kærði hefir neit- að því, að honum hafi verið kunnugt um flösku þessa. Með tilliti til þess, að í bifreiðinni voru 13 farþegar, sem hver um sig virðist hafa getað stung- ið flösku þessari í framsætið, þykir varhugavert að gera kærðan ábyrgan fyrir hana samkv. 2. málsg. 13. gr. laga nr. 64/1930. Og verður því að sýkna hann að þessu leyti.

Um hitt kærutritið, neyzlu áfengis og bifreiða- akstur með áhrifum þess, er það að vísu viðurkennt af kærða, að hann hafi dreypt litilsháttar á áfengi, sherrýi, að hann heldur, eftir að hann hafði hjálpað bifreiðum þeim, sem fastar höfðu orðið í sandinum á leiðinni í Landréttir kveldið 21. sept. f. á. Var hann þá svangur orðinn, hrakinn og kaldur eftir vos og erfiði við að hjálpa bifreiðunum. Verður að taka þá skýrslu kærða trúanlega, að hann hafi þá bragð- að á víninu til þess að verja heilsu sína. Þar eð hann ekur síðan bifreið sinni óaðfinnanlega, svo til reika sem sagt var, 7—9 kílómetra í myrkri og regni tor- færa leið, bendir ekki til þess, að hann hafi verið með áhrifum áfengis. Eftir skýrslum kunnugra manna kemur kærði einatt svo fyrir sjónir, sem hann sé undir áhrifum víns, enda þótt vitað sé, að hann hafi ekki bragðað áfengi, og virðast þessi ein- kenni vel hafa getað villt löggæzlumanninn, sem kærði kærða og taldi hann hafa verið drukinn um- rætt skipti.

Eftir því sem að framan er sagt, verður að líta svo á, að kærði hafi neytt vínsins aðeins í því skyni, að verja heilsu sína, og að þessi áfengisnotkun hans hafi ekki farið fram úr því, sem hæfilegt mátti telja til þess. Og með því að ekki verður talið, að ákvæði 20. gr. laga nr. 64/1930 eða 5. gr. laga nr. 70/1931

eigi við þess konar notkun áfengis, verður einnig að sýkna kærða af þessu kæruatriði.

Eftir þessum málalokum verður að dæma ríkissjóð til að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði, þar með talin þóknun til skipaðs verjanda kærða þar, 20 krónur, og allan áfrýjunarkostnað hennar, þar á meðal málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Um rannsókn og meðferð málsins í héraði athugast, að hvorki hafa löggæzlumaðurinn, sem kærði kærða, lögregluþjónninn, sem með löggæzlumanninum var, farþegi sá, er í framsæti bifreiðarinnar var, né nokkrir menn, er gefið hafa vottorð um framkomu kærða, verið látnir gefa skýrslu fyrir dómi. Héraðsdómarinn hefir aðeins getið þess í dómi sínum, að kærði hafi neitað því, að hann hafi vitað nokkur deili á flösku þessari, sem að framan getur, en ekki lagt dóm á það berum orðum, hvort kærði skyldi sekur eða sýkn að því leyti. Loks hefir héraðsdómarinn tekið ökuskipteini kærða af honum sama dag, sem héraðsdómurinn var uppkveðinn, enda þó að þá væri óráðið hvort dómimum yrði áfrýjað, og enda þó, að engar varúðarástæður gerðu töku þess nauðsynlega eins og sést á því, að kærði fær að halda því allan tímann frá því að dómaranum barst kæran og þar til dómur var kveðinn upp í málinu.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Gunnar Ingimundarson, á að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu. Allur sakarkostnaður í héraði, þar með talin 20 króna þóknun til skipaðs verjanda kærða þar,

Sigurðar Heiðdal, greiðist úr ríkissjóði, svo og allur áfrýjunarkostnaður hennar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Eggerts Claessen, 70 krónur til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Kærður hefir ekki sætt áður kæru fyrir brot hér í umdæminu og ætíð átt hér lögheimili.

Réttardaginn síðasta hitti Bj. Bl. Jónsson, löggæzlumaður í Reykjavík, Gunnar Ingimundarson, bifreiðarstjóra frá Stokkseyri, í Landréttum undir áhrifum vins, svo áberandi, að hans dómi, að hann reikaði er hann kom út úr bifreiðinni, og það loðmæltur, að hann skildist illa, enda hafi hann orðið að styðja sig við bifreiðina. Játaði kærður að hann hefði aðeins fengið bragð hjá bifreiðarstjóra, er hann hafi hjálpað á leiðinni, en af því að framburður þessi þótti ólíklegur, var leitað í bifreiðinni, og fundust þar 2 heilflöskur, önnur full af heima-brugguðu áfengi en í hinni lögg af sama, og reyndist styrkleiki þess 43,3% af vinanda að rúmmáli.

Annar maður hefir játað, að hafa átt fullu flöskuna, en á flöskunni með lögginni kveðst kærður ekki hafa vitað nein deili.

Sjálfur hefir kærður játað, að áfengið, er hann neytti, hafi haft meiri áhrif á sig en hann hafði búizt við. Hann hafi verið blautur, kaldur og svangur, en neitar hinsvegar, að hann hafi reikað, enda hafi hann ekið slindrulaust um langan veg og vondan í náttmyrkri. Vitnisburður manna þeirra, er voru farþegar kærðs, hniga í þá átt, að hann hafi ekki verið undir áhrifum vins, og vottorð hreppstjóra í Stokkseyrarhreppi og fleiri málsmetandi manna þar upplýsa, að kærður sé heyrnarsljór og utan við sig, eins og greinilega kom fram í réttarprófunum.

Samkvæmt framangreindu virðist hæpið að telja lögsannað, að kærður hafi verið ölvaður við aksturinn og

virðist því brot hans eiga undir 20. gr. áfengislaganna 64/1930, sbr. lög 70/1931, 5. gr. 3. málsg. og varða missi ökuskirteinis um stundarsakir, og þykir hæfilegt að gera það 4 mánuði.

Svo ber kærðum að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal 20 kr. til talsmanns síns Sigurðar Heiðdal.

Miðvikudaginn 5. dez. 1934.

Nr. 150/1934. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)

gegn

Hallgrími Brynjólfssyni

(Eggert Claessen).

Brot g. 2. mgr. 13. gr. l. 64/1930.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 26. okt. 1933: Kærður, Hallgrímur Brynjólfsson, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi, ásamt ilátum, skal vera upptækt og eign ríkissjóðs.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinar, þar með talin málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns síns í málinu, Jóhanns Gunnars Ólafssonar, lögfræðings, 40 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Skýrsla kærða um það, að hann hafi fundið poka þann, er í málinu greinir og í voru ilát með áfengi, er ekki svo studd af neinum atvikum, er fram hafa komið í málinu, að kærði geti losnað við ábyrgð vegna áfengis þessa eftir 2. málsg. 13. gr. laga nr. 64/1930. En sakir þess, að kærða var haldið 12 daga í gæzluvarðhaldi, án þess að hann hafi með framkomu sinni við rannsókn málsins gefið tilefni